

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Hamrahlíð 15 690 Vopnafjörður	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hilmar Jósefsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur urðunarstaðarins er óbreyttur frá því sem verið hefur, þ.e. ekki hefur verið farið í framkvæmdir til að aðlaga urðunarstaðinn kröfum starfsleyfis sem gefið var í desember 2015.

Sex frávik frá starfsleyfi voru staðfest og lúta þau að útbúnaði staðarins skv. ákvæðum starfsleyfis, verklagi á staðnum og afhendingu gagna.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Í samtali við sveitarstjóra hefur komið fram að ekki var gert ráð fyrir hönnun urðunarstaðarins á fjárhagsáætlun 2016. Með skoðun á vettvangi var staðfest að:

- Urðunarreinar eru tvær, annars vegar fyrir óvirkan úrgang og hins vegar fyrir heimilis- og framleiðsluúrgang.
- Fokefni hafa verið tínd upp nýlega og var staðurinn þokkalega hreinn. Nokkur hættu er á foki þar sem urðunarrein er höfð opin þá daga sem sorphirða fer fram og hún tekur nokkurn tíma. Fokefni var í skurði sunnan við urðunarstaðinn, þar sem erfitt er að komast að til upphreinsunar.
- Allmikið vatn rann í skurðum frá urðunarsvæðinu, bæði í skurði/læk sem rennur frá urðunarrein fyrir grófan úrgang og einnig í fráveituskurði sunnan við urðunarsvæðið.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 2.1 í starfsleyfi

Mikið af fugli var á urðunarstaðnum og ummerki um að hann hefðist þar við. Fuglinn hafði komist í lífrænan úrgang (loðnuhrogn) sem virtist berast á yfirborð vegna gerjunar. Við skoðun var unnið að því að fergja hrognin með jarðvegi.

Grein 3.2

Ekki er búið að gera fráveituskurði til að leiða ofanvatn og grunnvatn frá urðunarstaðnum.

Grein 3.3

Ekki er búið að útbúa fráveituskurði til að safna sigvatni né heldur útbúa hreinsivirki fyrir sigvatn.

Grein 4.3

Við skoðun var gryfja í SV horni urðunarsvæðis þar sem jarðvegur var ofna á úrgangi, en illa þakið og ekki tryggt gegn

foki úr urðunargryfjunni.

Grein 5.2

Sýnatökustaðir skv. kröfum starfsleyfis hafa ekki verið útbúnir.

Grein 5.4

Skýrslur um niðurstöður skráninga á undangegnu ári skv. gr. 5.1 hafa ekki verið sendar til eftirlitsaðila og heilbrigðisnefndar.

ATHUGASEMDIR

Skilti á hliði urðunarstaðarins er ólæsilegt og þarf að endurnýja.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

22.09.2016



Sigríður Kristjánsdóttir